

# Lög

Nr. 73  
28. röv.

um

## ekkjutrygging embættismanna.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Skylt er hverjum embættismanni, sem laun tekur eftir almennum launalögum og kvænst hefir yugri en 50 ára, að tryggja ekkju sinni lífeyri, er ekki sje minni en  $\frac{1}{5}$  af byrjunarlaunum þess embættis, er hann á hverjum tíma situr í, eða kaupa lífsábyrgð er sje jafnhá og þreföld árslauin.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er sitja í embættum þegar lög þessi ganga í gildi og eldri eru en 50 ára.

### 2. gr.

Lífeyri eða lífsábyrgð samkvæmt 1. gr. skal kaupa hjá einhverju því lífsábyrgðarfjelagi, er landsiðornin tekur gilt. Skylt er hverjum embættismanni að hlíta þeim ákvæðum, er fjármálaráðherra setur til tryggingar því, að tryggingarfjeð komi ekkju hans að notum, og um greiðslu á iðgjöldum fyrir lífsábyrgðina.

### 3. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 1. gr., nýtur enn fremur úr rikissjóði árlega  $\frac{1}{10}$  af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögum.

Auk þess getur konungur í viðbót við líffje þetta veitt ekkjunni 50 til 100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

Nr. 73

4. gr.

28. nóv.

Rjettur til líffjár eftir 3. gr. fellur burtu:

1. ef ekkjan giftist af nýju.
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs.
3. ef hún hirðir ekki líffjeð í 3 ár samfleytt, án þess að sanna lögmæt forföll.
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almennings álitu er ósæmilegur.

Er ekkja missir eftirlaun af því að hún hefir gift af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

5. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þe rra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt hverju um sig 100 til 200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

6. gr.

Ekkjur sem rjett eiga til hærri eftirlauna eftir eldri lögum en líffjeð nemur samkvæmt 3. gr., halda þeim rjetti.

7. gr.

Opið brjef 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, lög nr. 28, 20. okt. 1905, um viðauka við nefnt opið brjef, og lög nr. 49, 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*